



Nefndarsvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík, 8. apríl 2025

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011 (leiðrétting, framlenging gildistíma), 176. mál á 156. löggjafarþingi.**

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið ofangreint frumvarp til skoðunar og rýnt efni þess ásamt fylgiskjöllum.

SI styðja markmið frumvarpsins og hafa sjónarmið þess efnis, ásamt öðrum, verið rakin á fyrri stigum. Vísast til umsagna samtakanna sem sendar voru inn á samráðsgátt stjórnvalda um áform um breytingu, dags. 15. ágúst 2024<sup>1</sup>, og um drög að frumvarpi dags. 18. febrúar 2025<sup>2</sup>.

Samtökin fagna því að drög að frumvarpi séu komin til þinglegrar meðferðar sem og að tekið hafi verið tillit til sjónarmiða samtakanna í fyrri umsögnum. Vonir standa til að með breytingunum megi skapa iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjum í dreifðum byggðum stöðugra og fyrirsjáanlegra rekstrarumhverfi og stuðla að samkeppnishæfni þeirra.

Að þessu sögðu eru samtökin reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Helgi Birgisson,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

<sup>1</sup> Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, dags. 15. ágúst 2024: [https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-aform-um-breytingu-a-logum-um-svaedisbundna-flutningsjofnun-mal-s\\_130\\_2024-15-agust-2024.pdf](https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-aform-um-breytingu-a-logum-um-svaedisbundna-flutningsjofnun-mal-s_130_2024-15-agust-2024.pdf)

<sup>2</sup> Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, mál nr. S-11/2025, dags. 18. febrúar 2025:  
<https://samradapi.island.is/api/Documents/ea0b519-33ee-ef11-9bc9-005056bcce7e>